

Atvikalýsing

Hinn 8. október 2000 var björgunarskipið Henry Hálfdarson á Sundunum fyrir utan Reykjavík. Um borð voru 5 kafarar sem hugðust kafa niður að skipsflaki sem var á 23 metra dýpi.

Kafarar lögðu af stað niður og voru búnir að vera niðri við flakið í 3-4 mínútur þegar einn þeirra gaf merki um að hann ætti lítið loft (hann væri kominn á varaloft) og það ætti að fara upp. Var merkið sem hann gaf til félaga sinna um að þeir ættu einnig að fara upp. Í uppstigningu fikraði hann sig upp eftir línu sem lá frá yfirborði og niður að flakinu og þeir notuðu við köfunina. Einhvers staðar á leiðinni upp hélt kafarinn að hann væri að verða loftlaus og skaut sér upp á yfirborðið með björgunarvesti sínu en þá hafði hann verið búin að vera um 12 mínútur í kafi. Er upp kom sýndi þrýstingsmælir á köfunarbúnaði mannsins 20 loftþyngdir (bar).

Var maðurinn strax fluttur með slöngubáti sem var á vettvangi að Gufunesbryggju þar sem læknir og sjúkrabifreið voru og var kafarinn fluttur á Landspítalann Fossvogi.

Við rannsókn kom fram

- að slysavarnadeildirnar sem hér um ræðir hafa sérstakar verklagsreglur sem fara skal eftir við köfun.
- að samkvæmt verklagsreglum slysavarnadeilda við köfun ber að skilgreina köfunarpar, tveir kafarar, sem fylgjast að og eiga að tryggja öryggi hvors annars. Ekki var farið eftir þessu ákvæði;
- að um var að ræða 5 kafara sem köfuðu sem heild. Samkvæmt verklagsreglum áttu allir að fara upp þegar einn þurfti að fara upp. Í þessu tilviki brugðust köfunarfélagar;
- að köfunarformaður kallaði ekki aðra kafara þegar í stað upp eftir að einn þeirra skilaði sér og var það ekki samkvæmt verklagsreglum;
- að kafarinn notaði heilgrímu við köfunina en hafði litla æfingu fengið við notkun slíks búnaðar. Við notkun heilgrímu er loftnotkun meiri en við notkun á munnstykkji;
- að venjan er við köfun að þeir sem kafa saman hafa svipað magn af lofti þegar köfun hefst. Í þessu tilviki var ívið minna loftmagn í lofthylki þess sem fór upp fyrstur en annarra kafara í hópnum;
- að atvikið hafði ekki alvarlegar afleiðingar fyrir kafarann.

Nefndarálit

Atvik þetta sýnir mikilvægi þess að fylgt sé lögum og reglum um köfun og verklagsreglum sem eru í gildi hjá aðilum eins og björgunarfélögum sem hafa ákveðnar reglur um framkvæmd köfunar.

Nefndin vísar til ályktunar nr. 06700 um mál er varða köfun.